

— Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um offur til prests — Eptir að jeg hefi í þóknanlegu brjefi, frá 21. þ. m. meðtekið álit stiptsyfirvaldanna um erindi, er hing- að hafði komið frá bóndanum Gísla Þórðarsyni á Hrafnabjörgum ytri í Hörðudal um, hvort fara skuli eptir hinu forna jarðamati eða eptir jarðamatinu fra 1861 með tilliti til greizlu á offri til prests, vil jeg hjer með þjónustusamlega biðja stiptsyfirvöldin að tjá hlutaðeiganda, að prestsoffur skuli af þeim ástæðum sem tilfærðar eru í brjefi dómsmála- stjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna frá 18. júlí 1864 (tíð. um stjórnarmálefni II. bls. 70) og samkvæmt almenntri venju goldið eptir hinu forna jarðamati. 39 24. marz

— Ágrip af brjefi landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um endurbætur á fjallvegum. — Landshöfðingi skýrir í þessu brjefi frá, að þegar sje búið að verja samkvæmt 9. gr. C. 5 fjárlaganna rúmum 12800 kr. til vegabóta á aðalpóstvegum yfir Holtavörðuheiði og Hellisheiði, þar að auki hafi verið samþykkt að verja megi í ár til vegabóta Skagafjarðarmegin á Vatnsskarði og Siglufjarðarskarði 1250 kr., á Mývatnsöræfi 1000 kr. og á Grímsstunguheiði 3000 kr. og leyfir landshöfðingi nú, að verja megi af hinni síðastnefndu upphæð svo miklu, sem nauðsynlegt sje til að endurbæta þann kafla Vatnsskarðsvegarins, sem er í Húnavatnssýslu; loksins veitir hann 1000 kr. til endurbóta á fjallvegum í Eyjafjarðarsýslu og 800 kr. til vegagjörða á Vestdalsheiði í Norðurmúlasýslu. 40 26. marz

— Brjef landshöfðingja til forstjóra gagnfræðaskólans á Möðruvöllum um prentun á skólaskýrslu — Samkvæmt tillögu yðar, herra skólastjóri, frá 2. þ. m. samþykkt hjer með, að af fje því, sem veitt er fyrir þetta ár til gagnfræðaskólans á Möðruvöllum megi verja allt að 100 kr. til þess að prenta skýrslu um það, er gjörist við skóla þennan þetta ár. 41 26. marz

— Brjef landshöfðingja til póstmeistara um flutning landpóstanna í marz ferðinni Þar eð landpóstarnir sökum illviðra, ófærðar og heyskorts á þeim bæjum, sem eru á póstleiðunum geta samkvæmt skýrslu yðar, herra póstmeistari, frá í dag að þessu sinni ekki flutt póst á hestum, eins og vant er, skal hjer með ákveðið samkvæmt 13. grein auglýsingar 3. maí 1872, að með þessari ferð landpóstanna skuli að eins taka til flutnings: 42 28. marz

laus brjef og

peningabrjef sbr. 2. gr. a. og b. tilsk. 26. febr. 1872

og enn fremur, ef rúm leyfir, og ef þýngd lausra brjefa og peningabrjefa til samans ekki nemur 60 pnd. fyrir hvern póst, svo margar böggulsendingar, að viðkomandi póstur verði af þessari þýngd, og mega þær böggulsendingar, er þannig kynnu að komast með, ekki vega meira en 1 pnd. hver.

Þetta er hjer með tjáð yður, herra póstmeistari, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar samkvæmt nefndri 13. gr. auglýsingar 3. maí 1872.

Það skal enn fremur ákveðið, að norðan og vestanpóstarnir leggi á stað hjeðan að morgni hins 1. apríl og austanpósturinn að morgni hins 2. apríls næstkomandi.